

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:00 miðvikudaginn 13. maí 2020 - fjarfundur

Mættir stjórnarmenn: Arngrímur Arnarson, Edda Hrund Guðmundsdóttir, Viggó Jónsson, Tómas Árdal varamaður og Þórdís Bjarnadóttir varamaður. Baldvin Esra Einarsson formaður óskaði eftir því að stíga til hliðar frá stjórnarstörfum vegna gjaldþrots Saga Travel. Hann mætti því ekki á fundinn.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson.

Áheyrnarfulltrúar: Álfhildur Leifsdóttir og Axel Grettisson.

Framkvæmdastjóri greindi frá því að Baldvin Esra formaður hefði sagt af sér með tölvupósti fyrir fundinn. Stjórn byrjaði því á að skipta með sér verkum og velja nýjan formann. Tómas stakk uppá að Viggó yrði formaður fram að næsta aðalfundi. Edda Hrund bauð sig einnig fram til formennsku. Viggó dró sig til hlés og stjórn sammæltist um Eddu sem formann fram að næsta aðalfundi. Hún tók svo við stjórn fundarins.

Umræður voru í framhaldinu um störf stjórnar og mikilvægi þess að tala fyrir allt Norðurland. Stjórnarmenn samþykktu að útbúa skyldi starfsreglur fyrir stjórnarmenn í framhaldi af aðalfundi.

1. Staða ferðapjónustunnar

Stjórnarmenn ræddu stöðu ferðapjónustunnar á Norðurlandi í dag. Fáar bókanir eru komnar fyrir sumarið en þó farnar að detta inn ein og ein eftir kynningu um opnun landsins. Lokað er hjá einhverjum hótelum og skertur opnunartími hjá fyrirtækjum. Fyrirtæki farin á fullt að undirbúa opnun landsins um miðjan júní. Töluvert er að gera vegna innanlandsmarkaðar. Bókanir fyrir júlí og ágúst eru enn til staðar en júní dottinn út að mestu. Mikil óvissa ríkir enn um framvinduna.

Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöður úr könnun sem MN sendi út til fyrirtækja á Norðurlandi til að meta stöðuna í ferðapjónustunni núna, en alls bærust svör frá 172 fyrirtækjum.

Umræður.

2. Fjármál

Framkvæmdastjóri fór yfir ný drög að ársreikningi MN 2019 og gerði grein fyrir breytingum á milli liða sem hafa orðið frá fyrri drögum. Umræður.

Stjórn samþykkir ársreikninginn.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu fjármála MN í dag.

Umræður um innheimtu aðildargjalda árið 2020.

Samþykkt að senda út reikninga núna í maí skv. áætlun, en með lengri gjaldfresti.

3. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir möguleikum á rafrænum kosningum fyrir aðalfundinn, sem verður rafrænn.

Ákveðið að starfsfólk MN sjái um kosninguna með hjálp Survey Monkey.

Ársreikningurinn verður eingöngu rafrænn.

Arngrímur greindi frá því að búið væri að segja upp öllu starfsfólki Norðursiglingar og vildi þess vegna segja sig frá stjórnarsetu frá og með næsta aðalfundi. Því verður kosið um sæti þriggja stjórnarmanna á næsta aðalfundi í stað tveggja, og tveggja varamanna skv. venju.

Framkvæmdastjóri greindi frá kynningu ANR á útfærslu á nýtingu 5.000 kr. gjafabréfs sem senda á til allra landsmanna til að hvetja til ferðalaga innanlands. Unnið er að útfærslunni og verður hún kynnt almenningi nálægt næstu mánaðamótum.

MN bíður svara frá SSNE og SSNV um fjármögnun á þátttöku í verkefninu „gagnvirkt ferðalag“. Nokkrir landshlutar hafa nú þegar staðfest þátttöku í verkefninu.

Framkvæmdastjóri greindi frá svörum ráðuneytis ferðamála og Ferðamálastofu við erindi frá Markaðsstofum landshlutanna um þátttöku markaðsstofanna í innanlandsátakinu og ósk um hlutdeild af fjármögnun verkefnisins. Svörin sem bárust voru á þá leið að markaðsstofur landshlutanna fá ekkert fjármagn, en eiga að leggja til myndefni, texta og vinnu. Umræður.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:45

Fundarritari HPP